



REGLUGERÐ FYRIR ÓLYMPÍUAKADEMÍU ÍSÍ

Hlutverk

Hlutverk Ólympíuakademíunnar er að útbreiða þekkingu um Ólympíuleikana, Ólympíu-hreyfinguna og þær hugsjónir, sem hún byggist á.

Stjórn

Fræðsluvið ÍSÍ fer með stjórn Ólympíuakademíu ÍSÍ.

Starfstími

Starfstími Ólympíuakademíu ÍSÍ er hinn sami og framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Akademíuna skal skipa á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ eftir íþróttáþing.

Verkefni

1. Að gangast fyrir námskeiðum, fræðslufundum og erindaflutningi um Ólympíuleika og Ólympíuhugsjónina. Þ.á.m. skal Ólympíuakademían jafnan fræða þá, sem veljast til þátttöku í Ólympíuleikum um framangreind atriði, svo og um siði og tákni, sem Ólympíuleikum tengjast.
2. Að stuðla að útgáfu og dreifingu á fræðandi efni um ólympíustarfsemi og Ólympíuleika.
3. Að hafa til ráðstöfunar myndrænt efni fyrir þá, sem vilja kynna Ólympíuleika og Ólympíu-hreyfinguna.
4. Að annast samskipti við fræðslusetur Alþjóðaólympíuakademíunnar í Grikklandi.
5. Að annast samskipti við fræðslustofnanir ólympíunefnda annarra þjóða.

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 11. september 2003.

